



## Stjórnarfundur UÍA

**Haldinn á Egilsstöðum, miðvikudaginn 03.02.2020 kl: 17:30**

Mætt eru Gunnar Gassi Gunnarsson, Gunnar Gunnarsson, Benedikt Jónsson, Ester Sigurásta Sigurðardóttir (í síma) og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir (Bobba).

### Dagskrá

- **Fundargerð síðasta fundar. (sjá viðhengi)**
- **Verkefni í lok árs 2020**
- **Innsend erindi (sjá viðhengi)**
- **Minnisblað covid og verkefni 2021 (sjá viðhengi)**
- **Önnur mál.**

### Fundargerð síðasta fundar stjórnar

Samþykkt samhljóða

### Verkefni í lok árs 2020

Útgáfa Snæfells gekk vel og kom Gunnar sterkur inn ásamt 3 ungmönnum, Halldór Bjarki Guðmundsson, Jófríður Úlfarsdóttir og Karitas Hvönn Baldursdóttir. Ágætlega gekk að safna auglýsingum og gekk samvinnan vel með Héraðsprenti.

Allir reikningar voru sendir út fyrir áramót og hefur það gengið þokkalega að fá þá greidda.

### Innsend erindi (sjá viðhengi)

Beiðni um styrk frá Skíðafélaginu í Stafdal og í Fjarðabyggð um styrk til að kaupa keppnisgalla.

Ákveðið var að styrkja skíðafélögin um 5000 kr. pr. galla sem verða pantaðir til ársins 2026 en þó að hámarki 300.000 kr. Framkvæmdastjóra er falið að útbúa samning með frekari útfærslu. Upphæðin er greidd út eftir fjölda galla sem pantaðir eru.

Aðildaumsókn hefur borist frá Íþróttafélaginu Fálkunum á Reyðarfirði og hafa lögin þeirra verið send inn til ÍSÍ og bíða þar afgreiðslu.

„Ávísun“ að upphæð 250.000 kr. hefur borist UÍA og USÚ frá UMFÍ. Upphæð þessi er ætluð fyrir félögin að gera eitthvað sameiginlegt á svæðinu.

Framkvæmdarstjóra er falið að hafa samband við formann USÚ til að kanna mögulega samstarfsvettvang.

### **Minnisblað covid og verkefni 2021 (sjá viðhengi)**

UÍA þarf að skoða hvernig Covid mun hafa áhrif á móthald og aðra viðburði sumarið 2021. UÍA þarf eins og önnur félög að undirbúa sig eins og það verði eðliegt mótahald.

Stefnt er að því að halda aðalfund UÍA laugardaginn 08.05

Stefnt er að því að halda Sumarhátíð UÍA 9. – 11. júlí.

Tour de Ormurinn verður annað hvort haldinn 07. eða 14.08.

### **Önnur mál**

Ráðinn verður sumarstarfsmaður og mun framkvæmdastjóri sjá um það.

Rætt var aðeins um Lottótekjur og framkvæmd á skýrslum. Lottótekjur hafa verið greiddar út í kringum febrúar til mars.

Mikilvægt að flæði upplýsinga sé gott til félaga um styrki, ráðstefnur og annað.

Næsti fundur er 03.03. kl. 17:30

Fundi slitið kl. 19:10

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir